

## XJ Fundargerð 3. feb 2024

Mættir: Jökull, Kári Jónsson, Margrét Pétursson, Sara, Gunnar Smári, Guðmundur Auðunsson, Sanna, Sæpór, Karl.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### Mönnun framkvæmdastjórnar

Formaður framkvæmdastjórnar talar við Laufey um þátttöku, dræm mæting undanfarna mánuði. Brýnt fyrir formanni að boða gesti fyrr svo þeir geti mætt á fundi framkvæmdastjórnar.

### Fjárhagsstaða flokkssins

Ríkið millifærði til Sósíalistaflokksins 25 janúar 2024 upphæð 24.542.053 kr.

Það var tekin ákvörðun á Sósíalistapingi fyrir löngu um að styrkurinn sem kæmi frá borginni mundi renna inn í Vorstjórnuna. Framkvæmdastjórn staðfestir að styrkurinn renni til Vorstjórnunnar.

Framkvæmdastjórn samþykkir að halda áfram að styrkja Samstöðina með því að láta helming ríkisstyrks fara til Samstöðvarinnar í formi láns.

5.01.24 barst styrkur frá borginni fyrir árið 2023 (reikningur frá flokknum barst seint svo þess vegna) upp á 1.917.165 kr. Önnur eins upphæð 1.917.165 kr er á leiðinni þar sem flokkurinn hefur nú þegar sent umbeðinn reikning fyrir 2024 til borgarinnar.

### Sósíalistapingið

Komið að "kitlum" í markaðssetningu, láta dreifast að Chris Smalls sé að mæta í Tjarnarbíó - einskonar "takið daginn frá". Síðar meir verður dagskráin seinnipartinn fullmótuð og þá getum við auglýst dagskrá með veggspjaldi á samfélagsmiðjum, Facebook event o.fl.

Sæpór er að vinna í formlegri beiðni um að fá Sólveigu Önnu, Efling setji pening í morgunmat og kaffi í Tjarnarbíó og fá að senda póstlista Eflingar til að vekja athygli á þinginu.

Kári: Biður um málefnavinnustofu í dagskrá. Fallist á það, Kári beðinn um að leiða vinnu við að manna þá vinnustofu seinnipart 16. mars.

Laufey falið að heyra í málefnavinnustofu - boða þau á fund með framkvæmdastjórn og ræða stöðu málefnavinnustofunnar - mögulega aðkomu að Sósíalistapingi 2024.

Formaður framkvæmdastjórar hvattur til að koma með undirbúin lið fyrir næsta fund um þetta.

### **Tölvupóstar**

Ritari er að fara að loka þessum pósthólfum, bætir þeim við sem alias á sosialistaflokkurinn@ hópinn.

dev@  
felagastjorn@  
malefnastjorn@  
frambod@  
ungir@  
sanna@  
andrisig@  
laufey@  
samviska@

### **Vorstjarnan**

Bráðabirgðarstjórn hefur fundað og er að fara að boða til síðbúins aðalfundar fyrir 2023 þar sem má vænta að blásið verði til stórsóknar fyrir Alþýðuhúsið, stofnun einkahlutafélags utan um reksturinn í Bolholti og leit að frumkvöðli sem yrði framkvæmdastjóri.